

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Guðríður Friðriksdóttir / Arnór Þorri Þorsteinsson
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.
Rangárvöllum 2
603 Akureyri

Reykjavík, 6.8.2024
UST202401-326/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar þann 9. júlí 2024. ID6

Þann 9. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrarbæjar við Súluveg á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er opið. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og er gefinn frestur til 1. september til þess að skila mælingum sem sýna að kolmónoxíð sé undir losunarmörkum í starfsleyfi.

Tvær ábendingar voru gerðar:

- Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni og eru inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði (Fólkvangur í Glerárdal), sbr. Aðalskipulag Akureyrar.
- Rekstraraðila er bent á að senda afrit af þykktarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykkja áframhaldandi notkun búnaðarins.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirlitinu:

- Grænt bókhald ársins 2023 barst ekki fyrir 1. maí eins og tilskilið er í reglugerð um grænt bókhald og í grein 4.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald barst 30. júní sl. og því er frávikinu nú lokað.
- Árlegar mælingar í útblæstri verksmiðjunnar voru ekki framkvæmdar árið 2023. Í grein 4.3 í starfsleyfi malbikunarstöðvarinnar er kveðið á um að gera skuli mælingar vegna losunarmarka í grein 3.8 í starfsleyfi einu sinni á ári.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikinu nr. 2 hér að framan í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. ágúst 2024.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur